

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 122/2007

frá 28. september 2007

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfse mi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 91/2007 frá 6. júlí 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2006 frá 5. júlí 2006 um réttindi fatlaðs og hreyfihamlaðs fólks sem ferðast með flugi ⁽²⁾.
- 3) Taka ber tillit til þess að í Liechtenstein er lítið landrými og landshættir þar sérstakir og að afar lítið framboð er á þjónustu á sviði flugsamganga.
- 4) Hafa ber hliðsjón af heildarflugumferð í Liechtenstein og þeirri staðreynd að ekkert reglulegt millilandaflug er í boði frá landinu og að þar er ekki önnur aðstaða til almenningsflugs en einn þyrluvöllur.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 68ab (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 261/2004) í XIII. viðauka við samninginn:

„68ac. **32006 R 1107**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2006 frá 5. júlí 2006 um réttindi fatlaðs og hreyfihamlaðs fólks sem ferðast með flugi (Stjtið. ESB L 204, 26.7.2006, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Ráðstafanir, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, skulu ekki taka til aðstöðu til almenningsflugs sem nú er fyrir hendi á yfirráðasvæði Liechtensteins.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1107/2006, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 328, 13.12.2007, bls. 40, og EES-viðbætur nr. 60, 13.12.2007, bls. 28.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 204, 26.7.2006, bls. 1.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. september 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. september 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.